

### **13. Stjórnarfundur EBAK haldinn 9. Janúar 2025 kl. 15:15.**

Formaður setti fund, allir stjórnarmenn mættir nema Margrét Alfreðsdóttir sem boðaði forföll. Valgerður Jónsdóttir var á fundinum í síma.

Dagskrá:

#### **1. Erindisbréf nefnda og samþykktir stjórnar**

Farið var yfir framlögð gögn varðandi erindisbréf nefnda og kjaramál nefndarfólks. Engar breytingar voru gerðar á þessum gögnum. Samþykkt að senda erindisbréfin til viðkomandi nefnda til kynningar.

Farið var yfir drög að breytingum á samþykktum félagsins en þær verða svo lagðar fyrir aðalfund.

#### **2. Húsnaðismál félagsins**

Rætt fram og aftur um stöðuna. Samþykkt að óska eftir viðræðum við bæjaryfirvöld.

#### **3. ÍBA 55+ - aðkoma EBAK**

Formaður fór yfir stöðu verkefnisins. Verkefnið fékk ákveðið áframhald á vegum Drift fram á vorið og meginverkefnin á þeim tíma verða; Samstarfssamkomulag við EBAK, viðskiptaáætlun, stofnun félagsins og fjármögnun.

#### **4. LEB – stjórnarfundur**

Þóra fór yfir nýlegan stjórnarfund LEB og rakti nokkur atriði sem þar voru til umræðu svo sem „Kæran til Mannréttindadómstólsins“, útburður LEB blaðsins í Reykjavík, uppstillingarnefnd fyrir aðalfundinn og fl. Næsti formannafundur verður 15.1. nk.


#### **5. Aðalfundur EBAK**

Rætt um næsta aðalfund EBAK í mars nk. og það sem þarf að gera fyrir þann fund.

#### **6. Golf**

Gjaldkeri sagði frá því að með tilflutningi golfaðstöðu úr kjallara íþróttahallarinnar upp í nýja golfaðstöðu að Jaðri þá væri nú farið fram á greiðslur fyrir notkun eldri borgara þar. Samþykkt var að veita stuðning fram á vorið. Björn sat hjá við afgreiðsluna. Óskað er eftir formlegu erindi frá golfnefndinni vegna þessa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 16:50      Karl Guðmundsson ritari

  
Karl Guðmundsson, Sigurður Þórðarson, Margrét Alfreðsdóttir, Margrét Ólafsdóttir

..... سید علی